

6. fundur skólaráðs – 30. nóvember 2021.

Fundurinn hófst kl. 8:00

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Tómas Leifsson og Rúna Björk Júlíusdóttir fulltrúar foreldra, Sunna Magnúsdóttir og Jón Sverrir Björgvinsson 7. bekk fulltrúar nemanda, Lilja Hrönn Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Örn Arnarson fulltrúi grendasamfélagsins. Bergljót Bergsdóttir og Ingibjörg Eðvaldsdóttir fulltrúar kennara kennara boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Kynning á niðurstöðum Skólapúlsins - Skólastjóri fór yfir niðurstöður skólapúlsins frá því í október. Að þessu sinni voru það nemendur í 6.-7. bekk sem svöruðu spurningunum. Niðurstöðurnar eru ekki samanburðarhæfar við síðasta ár þar sem nú svara tveir árgangar en í fyrra svaraði einungis einn árgangur. Við fáum samt jákvæðar breytingu í 12 af 17 þáttum (71%) en eigum samt verk að vinna.
2. Kynning á niðurstöðum á lesskimun í 1. bekk – Skólastjóri fór yfir niðurstöður Engidalsskóla úr lesskimun 1. bekkjar þar sem undirstöðuþættir læsis eru kannaðir, það er hljóðkerfisvitund, stafabekking og málskilningur. Samkvæmt læsisstefnu Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur, er markmiðið að ekki séu fleiri en samtals 22% nemenda í áhættuhópi 1 og 2 í hverjum undirþætti Lesskimunarinnar. Engidalsskóli nær þessum markmiðum vel í tveimur þáttum en við getum gert betur í málskilningi. Til að auka málskilning er mikilvægt að lesa mikið fyrir börn, tala við þau, kenna hugtök og útskýra orð.

Önnur mál:

- a) Rætt um skólalóðina og aðgengi að skólunum fyrir bæði bíla og gangandi. Foreldrar hafa áhyggjur af öryggi barna sinna þar sem bílum er iðulega lagt upp á gangstéttar og göngustíg að skólanum. Þá vantar töluvert upp á lýsingun á svæðinu svo það geti talist öruggt og þannig að ökumenn sjái vel börn sem eru á leið í skólann.
- b) Rætt um gæslu í baðklefum í Kapplakrika en nemendur segja sjalda einhvern fullorðinn í gæslu í baðklefunum. Þá kom fram að stúlkunum í 7. bekk þykir erfitt að þurfa að vera með stúlkum í 10. bekk úr allt öðrum skóla í klefa.

Fundi slitið kl. 8:37